

Borgarráð

Samninganefnd Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Samninganefndin starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna. Fyrsta verkefni nýrrar samninganefndar er að móta heildarstefnu varðandi samningsgerð Reykjavíkurborgar við stéttarfélög starfsmanna á næsta ári.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar

ERINDISBRÉF

Samninganefnd Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Samninganefndin starfar í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf en borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

Hlutverk og helstu verkefni:

Fyrsta verkefni nýrrar samninganefndar er að móta heildarstefnu varðandi samningsgerð Reykjavíkurborgar við stéttarfélög starfsmanna á næsta ári og leggja tillögur fyrir borgarstjóra þar um. Nefndin skal útfæra stefnu og vinnulag gagnvart hverjum samningsaðila.

Starfshópin skipa:

Harpa Ólafsdóttir, deildarstjóri kjaradeildar fjármálaskrifstofu, formaður.

Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, varaformaður.

Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Lóa Birna Birgisdóttir, starfsmannastjóri velferðarsviðs.

Rakel Guðmundsdóttir, lögfræðingur kjaradeildar.

Starfsmaður:

Tveir sérfræðingar starfi með samninganefndinni, annar tilnefndur af skóla- og frístundasviði og hinn af kjaradeild fjármálaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Samninganefnd starfi til loka kjörtímabils 2018-2022 eða þar til hún verður leyst undan störfum.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson